

Þingsköp Norðurlandaráðs (5. útgáfa)

1. Fundarstjórn

Skipun fundarstjóra

Þemaþing – Þingfundi stjórna núverandi og fráfarandi forseti/varaforseti.

Þing – Þingfundi stjórna núverandi og næsti forseti/varaforseti.

Hlutverk fundarstjóra

Fundarstjóri á að:

- taka þátt í að skapa líflegar umræður innan frátekins tíma.
- meta hvenær ljúka skuli umræðum til að tryggja að fundartími fyrir og eftir hádegishlé standist og afgreiðslu allra mála verði lokið áður en fundi lýkur á tilskildum tíma.
- tryggja að talsmenn flokkahópanna fái ræðutíma í samræmi við stærð hópanna ef kostur er.

2. Ræðutími

Sérstakar reglur varðandi dagskrárliði 2 og 3 (Þemaþing 2024)

Reglur um ræðutíma eiga ekki við um þessa dagskrárliði. Fundarstjóri stýrir ræðutíma.

Túlkun

Allar fyrirframundirbúnar ræður skal senda á netfangið tolkmaterial@norden.org áður en þær eru fluttar.

Ræður

Allar ræður eru fluttar úr ræðustól.

Ræðutími þingmanna Norðurlandaráðs

Þingmenn Norðurlandaráðs fá 2 mínútur til að kynna tillögur, nefndarálit og taka til máls við afgreiðslu mála án þátttöku ráðherra/gestaræðumanns.

Í málum með þátttöku *ráðherra/gestaræðumanns* gefst einungis *þingmönnum Norðurlandaráðs* kostur á að bera upp spurningar eða gera athugasemdir. Sjá reglur um andsvör hér á eftir.

Undir dagskrárliðum þar sem *ríkisstjórnarfulltrúar* eða *gestaræðumaður* flytja ræðu er einungis hægt að óska eftir andsvari.

Undir dagskrárliðum sem merktir eru sem „*Til kynningar*“ er einungis hægt að óska eftir andsvari.

Sérstakar reglur um þing Norðurlandaráðs:

Nýkjörinn forseti Norðurlandaráðs fær 5 mínútur til að kynna formennskuáætlun næsta árs.



Ræðutími ríkisstjórnarfulltrúa og gestaræðumanns

Þegar fleiri en einn ríkisstjórnarfulltrúi taka þátt undir sama dagskrárlið fær ríkisstjórnarfulltrúi formennskulands Norrænu ráðherranefndarinnar 5 mínútur og aðrir ráðherrar fá 3 mínútur.

Þegar ráðherrar eru fleiri en einn fá þeir orðið í eftirfarandi röð: Fyrstur er ráðherra formennskulands Norrænu ráðherranefndarinnar, en síðan ráðherrar hinna landanna í stafrófsröð (DK, FO, FI, GL, IS, NO, SE, AX). Ráðherra gestgjafalandsins tekur síðastur til máls.

Ríkisstjórnarfulltrúar fá 5 mínútur til að gefa skýrslu eða kynna ef skriflegt ítarefni skýrslu/kynningar liggur ekki fyrir.

Ríkisstjórnarfulltrúar fá 3 mínútur ef skriflegt ítarefni skýrslu/kynningar liggur fyrir.

Ríkisstjórnarfulltrúar fá 2 mínútur til að taka til máls í umræðum.

Ef fleiri en einn ríkisstjórnarfulltrúi taka til máls undir sama dagskrárlið eru andsvör veitt um leið og hver ráðherra hefur lokið máli sínu.

Þingmenn, áheyrnarfulltrúar og Norðurlandaráð æskunnar mega bera upp spurningar eða gera athugasemdir. Sjá reglur um andsvör hér á eftir.

Sérstakar reglur um þing Norðurlandaráðs:

Næsti formaður Norrænu ráðherranefndarinnar fær 5 mínútur til að kynna formennskuáætlun næsta árs.

Gestaræðumaður fær 20 mínútur til að flytja erindi sitt.

Ræðutími áheyrnarfulltrúa

Þingmannaráð Sama

Fulltrúi Þingmannaráðs Sama má taka til máls undir öllum dagskrárliðum.

Ræðutími fulltrúa Þingmannaráðs Sama er 2 mínútur.

Fulltrúi Þingmannaráðs Sama getur veitt andsvör við öllum ræðum. Sjá reglur um andsvör hér á eftir.

Ræðutími gesta

Norðurlandaráð æskunnar

Fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar má taka til máls undir öllum dagskrárliðum.

Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar er 2 mínútur.

Fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar getur veitt andsvör við öllum ræðum. Sjá reglur um andsvör hér á eftir.

Erlendir gestir

Erlendir þinggestir mega taka til máls undir dagskrárliðnum „Alþjóðlegt samstarf – ávörp erlendra gesta“. Ræðutími erlendra gesta er 3 mínútur.

Andsvör

Þingmenn, ríkisstjórnarfulltrúar, áheyrnarfulltrúar og Norðurlandaráð æskunnar mega veita andsvör við öllum ræðum strax að þeim loknum.



Öll andsvör eru veitt úr „andsvarapúlti“.

Öllum andsvörum er svarað úr „púlti fyrir svör við andsvörum“.

Óski fólk eftir að veita andsvar ber því að gefa merki meðan á ræðu stendur eða þegar henni lýkur.

Sá eða sú sem andvarinu er beint til má svara umsvifalaust.

Um andsvör gildir 1 mínútu ræðutími.

Um hvert svar við andsvari gildir 2 mínútu ræðutími fyrir *ríkisstjórnarfulltrúa* en 1 mínúta fyrir *þingmenn*.

Ef fleiri en einn *ríkisstjórnarfulltrúi* tekur til máls undir sama dagskrárlið eru andsvör veitt um leið og hver *ráðherra* hefur lokið máli sínu.

Fundarstjórinn ákveður fjölda og röð andsvara.

Fundarstjórinn getur gefið sama *þingmanni* eða *ríkisstjórnarfulltrúa* kost á allt að tveimur andsvörum í sömu umferð orðaskipta.

3. Aðrar reglur um framkvæmd þingfundar

Sætaskipan í salnum

Þingmenn Norðurlandaráðs sitja með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitja vinstra megin í salnum ef kostur er og hægri flokkarnir hægra megin, séð úr ræðustól.

Ráðherrar og gestir sitja eins og venjan er í viðkomandi þinghúsi ef þess gefst kostur.

Þingmannaráð Sama og *Norðurlandaráð æskunnar* fá allt að 2 sæti hvort. Sætaskipan Norðurlandaráðs æskunnar getur verið sveigjanleg að ósk Norðurlandaráðs æskunnar út frá þingdagskrá.

Atkvæðagreiðslur

Atkvæðagreiðslur eru rafrænar. Ef sú tækni er ekki fyrir hendi er stuðst við annars konar atkvæðagreiðslu.

Fundargerð

Fundargerð þingsins er færð í samræmi við 20. grein í Starfsreglum Norðurlandaráðs.

Um þemaþing og þing: „Á hverju þingi er færð fundargerð yfir mál, ummæli og ákvarðanir þar sem tilgreindar eru tillögur, tilmæli, röð ákvarðana, niðurstöður atkvæðagreiðslu og nöfn ræðumanna.“

Eingöngu um þingið: „Á reglulegum þingum eru allar umræður færðar orðréttar í skriflega gerðabók.“